# Haustpróf í verðbréfaviðskiptum 2019

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir haustprófum í verðbréfaviðskiptum sem hér segir:

Próf úr I. hluta

| | |
|---|---|
| 26. ágúst 2019 | Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar. Ágrip úr réttarfari. |
| 27. ágúst 2019 | Viðfangsefni úr fjármunarétti, félagaréttur, ábyrgðir. |
| 28. ágúst 2019 | Viðskiptabréfareglur, veðréttindi, þinglýsingar. |

Próf úr II. hluta

| | |
|---|---|
| 2. september 2019 | Grunnatriði í fjármálafræðum. |
| 3. september 2019 | Grunnatriði í þjóðhagfræði. |
| 4. september 2019 | Greining ársreikninga. |

Próf úr III. hluta

| | |
|---|---|
| 9. september 2019 | Lög og reglur á fjármálamarkaði. |
| 10. september 2019 | Viðskiptahættir. |
| 11. september 2019 | Verðbréf, afleiður og gjaldeyrir. |
| 12. september 2019 | Fjárfestingarferli. |

Próftími er fjórar klukkustundir og hefst hvert próf kl: 16:00.

Prófsefni er tilgreint í prófsefnislýsingu prófnefndar verðbréfaviðskipta. Í henni er jafnframt útlistað hvaða hjálpargögn eru leyfileg í einstaka prófum. Prófsefnislýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar verðbréfaviðskipta á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis:
https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/profnefnd-verdbrefavidskipta/

Um prófin fer samkvæmt reglugerð um próf í verðbréfaviðskiptum, nr. 633/2003.

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0.

Skráning í haustprófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans í HR:
http://www.ru.is/opnihaskolinn/prof-i-verdbrefavidskiptum/

**Skráningu í haustpróf lýkur 20. júní 2019**.

Prófgjald vegna haustprófa er kr. 23.000 fyrir hvert próf. **Vakin er athygli á að haustpróf verður ekki haldið nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í viðkomandi próf**, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum. Haustprófin verða haldin í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, framkvæmdaraðila verðbréfaviðskiptaprófs veturinn 2017-2018.

Hinn 26. júní 2019 verður skráðum próftökum tilkynnt um þau haustpróf sem haldin verða.

Greiðsluseðlar verða eingöngu sendir út vegna prófa sem haldin verða.

Reykjavík, 10. apríl 2019.

Prófnefnd verðbréfaviðskipta